


Börkur Sigurbjörnsson

Nautabanabani örsaga



Nautabanabani

Börkur Sigurbjörnsson


Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjöldritun, hljóðritun eða upplestri í rigningaráða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinnungur af afrituninni.



Nautabanabani

Nautabani var stunginn til bana af nauti í smábæ á Norður Spáni í gær. Atvikið átti sér stað fyrir utan þorpskrána á aðal-torgi bæjarins rétt fyrir miðnætti að staðartíma. Nautabaninn var á heimleið eftir að hafa eytt kvöldinu á kránni, segjandi sögur af hetjudáðum sínum í hringnum, þegar nautið réðst á hann úr launsátri.

Nautið flúði af vettvangi en fannst síðar um nóttina á akri rétt utan við bæinn. Ekki er vitað hvort gerandinn og fórnarlambið hafi þekkst en grunur leikur á að nautið hafi verið að hefna náins ættingja.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislysingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæsisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sammleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano